

1872.

26. marz.

P. J. C. Holbølls kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Útaf þessu verðum vèr, um leið og skírskotað er til brèfs dómsmálastjórnarinnar 25. marz. f. á., að mælast til, að sjóliðs-stjórnin sjái svo um, að athygli skipstjórans verði leidd að tilskipun þeirri, sem komin er út 12. f. m. um fiskiveiðar útlanda við Ísland, og fl., og sem öðlast gildi 1. júlí þ. á., en með 1. gr. hennar, sbr. 2. gr., er gjörð breyting á því, sem fyrir var mælt í eldri lögum um hegning fyrir yfirgang útlanda í landhelgi við Ísland; jafnframt sendum vèr yður nokkur expl. af tilskipun þessari. Þó svo sè til ætlazt, með því að setja vægari hegningar fyrir slík afbrot, að verði að framfylgja lögunum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á afbrotum þeim, sem hèr er verið að ræða um, svo að hvert útlent skip, sem verður uppvíst að slíku, þó það sè í fyrsta skipti, verði tekið og farið með það til þess amtmanns, sem næstur er, til þess málsókn verði hafin á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt tilskipuninni, hefir stjórnarráðinu samt fundizt réttast, að láta nokkurn tíma líða, svo hún nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að beita lögunum beint eptir því, sem fyrir er mælt í þeim. Vèr mælumst því til, að *Holbøll* kapteini verði sagt svo fyrir, að fylgja enn á þessu ári þeirri aðferð, sem hingað til hefir verið við höfð, og skuli hann því þessvegna í fyrsta skipti að eins vísa skipi því, sem í hlut á, burt, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, en jafnframt verður hann að leiða athygli þeirra, sem í hlut eiga, að því, að hin nýja tilskipun sè út komin, og hverjar afleiðingar það þegar hafi, ef þeir gjöri sig aptur seka í hinu sama. Að endingu mælumst vèr til, að skipstjóra verði sagt frá, að enskt herskip ef til vill muni koma til Íslands á þessu ári, og skal í því tilliti vísað til eptirrits af brèfi dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, sem hèr fylgir¹.

¹) Bréf dómsmálastjórnarinnar 28. desbr. 1871. Tilíndi um stjórn-armálefni Íslands, III., 238.